

Fagráð í hrossarækt

73. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg mánudagur 14. desember 2015 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Elvar Einarsson, Vignir Siggeirsson, Sveinn Ragnarsson og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir og Baldvin Ari Guðlaugsson höfðu tilkynnt fjarveru.

Dagskrá:

1. Sýningaráætlun 2016
2. Sýningargjald kynbótasýninga 2016
3. Aðkoma kynbótahrossa að Landsmóti 2016
4. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð
5. Þróun kynbótamatsins – aðgerðaráætlun liggur fyrir
6. Tillögur frá aðalfundi Félags hrossabænda
7. Önnur mál

Formaður Fagráðs setur fundinn. Fundargerð frá fundi fagráðs þann 5. Október hafði verið samþykkt í gegnum tölvupóst.

1. Byrjað var að fara yfir drög að sýningaráætlun 2016 sem Þorvaldur lagði fyrir fundinn. Eftirfarandi drög voru samþykkt:

Dagsetning:	Staðsetning:
17.05 - 20.05	Hafnarfjörður
23.05 - 27.05	Eyjafjörður
23.05 - 27.05	Fljótsdalshérað
23.05 - 27.05	Selfoss
30.05 - 03.06	Borgarfjörður
30.05 - 03.06	Sprettur
06.06 - 10.06	Sprettur
30.05 - 03.06	Gaddstaðaflatir
06.06 - 10.06	Gaddstaðaflatir
06.06 - 10.06	Skagafjörður

27.06 - 03.07 Landsmót að Hólum

25.07 - 29.07	Miðsumarssýning Skagafjörður
25.07 - 29.07	Miðsumarssýning Selfoss
15.08 - 19.08	Síðsumarssýning Gaddstaðaflatir
15.08 - 19.08	Síðsumarssýning Borgarfjörður
15.08 - 19.08	Síðsumarssýning Eyjafjörður

Hvað sýningaráætlunina varðar var ákveðið að hætta með sýningar þar sem tvö dómargengi eru að störfum. Það fyrirkomulag getur kallað á langa daga og aukna yfirvinnu. Þess í stað var ákveðið að bjóða uppá fleiri kosti sýningarstaða á suðvesturhorninu þar sem þörf hefur verið á að hafa tvöfalt gengi starfsfólks til að anna eftirspurn eftir sýningum.

2. Umræða fór fram um sýningargjaldið. Ákveðið var að hækka sýningargjaldið um 5% en launahækkun hefur átt sér stað hjá Ráðgjafarmiðstöðinni á árinu og frekari hækkunir í bígerð á árinu 2016. Þá var það ákveðið á haustdögum í stjórn WorldFengs að hækka það gjald sem tekið er af hverju sýndu hrossi og rennur til reksturs og þróunar á WF úr 8 evrum í 10 evrur.

Drög að nýju sýningargjaldi er því sem hér segir (með fyrirvara um samþykki Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og gengisbreytingar):

Gjaldskrá	Án vsk.	Með vsk.
Kynbótadómur /fullnaðardómur	17.360 kr.	21.525 kr.
Worldfengur gjald	1.152 kr.	1.420 kr.
Fullnaðardómur samtals:	18.504 kr.	22.925 kr.
Sköpulagsdómur/hæfileikadómur	13.125 kr.	16.275 kr.
Worldfengur gjald	1.152 kr.	1.420 kr.
Sköpulags/hæfileikad. Samtals:	14.270 kr.	17.695 kr.

Ákveðið var á útmánuðum að þær 500 krónur sem hafa runnið í sérstakan Landsmótssjóð og var ætlað að sjá um þann kostnað sem fellur til við dóma á kynbótahrossum á Landsmótum renni til reksturs sýninganna. Var þetta ákveðið til að þurfa ekki að hækka sýningargjaldið sem þessu nemur þar sem tap hefur verið á rekstri kynbótasýninganna en einnig í ljósi þess að þessi peningur dugði ekki til að reka kynbótasýningahluta mótsins. Er því nauðsynlegt að rukka sýningargjald á Landsmótum. Hefur komið til greina í umræðunni að þetta verði það reiðdómsgjald sem er í gangi á hverjum tíma. Var þetta rætt í fagráði og Sveini Steinarssyni og Þorvaldi falið að kanna möguleika á því við Bændasamtökin og Landsmót ehf. að þetta gjald verði lægra og í anda þess gjalds sem rukkað er fyrir gæðinga á mótinu.

3. Aðkoma kynbótahrossa að Landsmóti. Farið var yfir hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi á vali kynbótahrossa inn á Landsmót 2016 að Hólum í Hjaltadal. Sveinn Steinarsson og Þorvaldur Kristjánsson höfðu kynnt þessar hugmyndir á fundarferð fagráðs og Félags hrossabænda á haustdögum og einnig hafði tillaga þess efnis verið lögð fyrir aðalfund Félags hrossabænda en var hún samþykkt þar samhljóða. Hugmyndin gengur út á það að ákveðinn fjöldi efstu kynbótahrossa í hverjum flokki vinni sér þátttökurétt á mótinu í stað þess að styðjast við einkunnalágmörk við val hrossa á mótið. Einnig að stefnt verði að 160 hrossum á mótinu. Fram kom á fyrrnefndri fundarferð hugmynd um að halda sig við einkunnalágmörk í fjögurra vetra flokkum hrossa, þar sem þar gæti dregið úr endursýningum yngstu hrossanna. Ákveðið var að bregðast við þessu með því að fjölga hrossum í flokki fjögurra vetra

hryssna, úr 15 efstu hryssunum í 20 efstu. Þá er um afar svipaðan fjölda að ræða í yngstu flokkunum og var á Landsmóti 2014, eða 15 efstu 4 vetra stóðhestarnir (voru 16 á síðasta móti) og 20 efstu 4 vetra hryssurnar (voru 22 á síðasta móti). Fjöldinn í hverjum flokki kynbótahrossa verður þá sem hér segir:

Flokkur:	Fjöldi:
7v. og eldri hryssur:	15
6v. hryssur:	30
5v. hryssur:	35
4v. hryssur:	20
4v. hestar:	15
5v. Hestar:	20
6v. Hestar:	20
7v. og eldri hestar:	10
Samtals:	165

Ákveðið var að ívilna klárhrossum með tölti, líkt og gert var fyrir Landsmót 2014, þegar lágmörk fyrir klárhross voru 10 stigum lægri en fyrir alhliða hrossin. Núna verður um sérstaka sætisröðun að ræða inn á mót, þar sem 10 stigum verður bætt við aðaleinkunn klárhrossa en alhliða hrossin fara í sætisröðun með aðaleinkunnina eins og hún kemur fyrir. Samkvæmt drögum að dagskrá fara dómur fram mánudag til miðvikudags. Á fimmtudeginum verður yfirlit á hryssum og hugsanlega einnig kynning á þeim hrossum mótsins sem hafa hlotið hæstu sköpulagseinkunnir. Á föstudeginum verður yfirlit á stóðhestum og verðlaunaafhending á hryssum. Á laugardeginum verða þá stóðhestarnir verðlaunaðir, ásamt afkvæmahestum en afhending Sleipnisbikarsins verður hluti af kvölddagskrá. Hugmyndin er að á laugardeginum verði einnig um kynningu úrvalshrossa sem skara fram úr hvað ákveðna eiginleika varðar að ræða. Þessi sýning mun samanstanda af kynbótahrossum sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en einnig af hrossum sem gera það ekki en búa yfir einstökum eiginleikum.

4. Þróun kynbótamatsins. Elsa Albertsdóttir hafði lagt fram aðgerðaáætlun hvað þróun kynbótamatsins varðar á næsta ári. Gengur áætlunin út á það að innleiða breytingar á kynbótamatinu í nóvember á næsta ári en þær eru þrjúþættar:

Keppniseiginleikar - Margir ræktendur leitast við að rækta fram góða keppnishesta enda verðmæt söluvara. Árlega fellur til mikið magn keppnisdóma enda íþrótt- og gæðingamót afar vinsæl. Þessir dómur innihalda upplýsingar um eftirsóknarverða hæfileika hjá hrossum og fjölmargir einstaklingar koma fram í keppnum en aldrei fram á kynbótasýningum. Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós að hægt er að byggja kynbótamat á keppnisgögnum og að samþætt kynbótamat kynbóta- og keppniseiginleika sé afar ákjósanlegt. Þessir eiginleikar eru erfðafræðilega sterkt tengdir og samþætting matsins myndi styrkja kerfið og niðurstöður þess. Hvort sem litið er til aukins öryggis kynbótagilda, aukinna erfðaframfara eða markvissari ræktunar hrossa, þá sér í lagi keppnishrossa.

Þróun forrita þannig að hægt sé að meta kynbótagildi keppnis- og kynbótaeiginleika samtímis, er að mestu lokið. Áður en til þess getur hins vegar komið verður þó að ganga úr skugga um að þau gögn sem safnað er í gagnagrunn WorldFengs standist þær gæðakröfur sem gerðar eru til gagna sem kynbótamat byggir á eins og áreiðanleiki og stöðlun upplýsinga.

Mæting hrossa til dóms - Nýlegar úttektir sýna að þau 12 % fæddra hrossa sem að meðaltali mætir til kynbótadóms er valið úrtak sem er undir talsverðum áhrifum erfða- og umhverfisþátta. Slíkt forval getur leitt til skekktrar niðurstöðu kynbótamats og þróun þess þyrfti að taka tillit til þess. Áður en til þess getur hins vegar komið þarf að endurmeta erfðastuðla mætingar og tengsl hennar við aðra eiginleika matsins. Auk þess þarf að endurskoða föst hrif sem leiðrétt er fyrir í því ferli en skráning upplýsinga um eigendur, ræktendur og uppruna hrossa í WorldFeng skiptir miklu máli svo hægt sé að leiðrétta fyrir hugsanlegum aðstöðumun hrossa og möguleika að mæta til dóms. Forrit til verksins eru að mestu til reiðu.

Gangráðurinn - Uppgötvun á gangráðnum svokallaða varpaði ljósi á að hross sem sýna ekki skeiðhæfni geta í sumu tilvikum erfð hana frá sér. Núverandi kynbótamat gerir ekki ráð fyrir þessu og úr því þyrfti að bæta. Þetta myndi gera það að verkum að hross sem eru arfblendin fyrir gangráðnum fengju a.m.k. hærra kynbótagildi fyrir skeið en þau hafa samkvæmt núverandi matskerfi. Fjölmörg hross hafa þegar verið arfgerðargreind auk þess sem unnin er arfgerðarspá sem hægt er að byggja á við þróun kynbótamatsins vegna þessa. Þróun forrita sem gera ráð fyrir þessari leiðréttingu er ekki hafin.

Samanburðarrannsókn - Þróun kynbótamats íslenskra hrossa sem felur í sér að matið byggir á kynbóta- og keppnisdómum, taki tillit til forvals dæmdra hrossa og arfgerðarspár og/eða –greiningu kallar á að þau forrit sem notuð hafa verið þarf að leysa af hólmi. DMU-forritapakinn, sem Landbúnaðarháskóli Íslands hefur rannsóknarleyfi á, hefur verið notaður með góðri raun í undangengnum rannsóknum. Bændasamtök Íslands þyrftu að kaupa leyfi til faglegrar notkunar hans á útgáfu þróaðs kynbótamats. Forrannsókn á samanburði niðurstaðna með núverandi kerfi og nýrra forrita (unnin í DMU) sýndi að niðurstöður eru fullkomlega sambærilega þó svo einhver stigsmunur geti verið á einstaka kynbótagildum. Það er hins vegar ljóst að nýir eiginleikar, sér í lagi mæting hrossa, mun hafa áhrif á röðun afkvæmahesta. Það þarf því að vinna ítarlega samanburðarrannsókn á niðurstöðum þróaðs kynbótamats og núverandi kerfis, sér í lagi varðandi endurskoðun afkvæmaverðlauna.

Verkefnið er þegar komið af stað en mun ljúka þegar niðurstöður endurbætts kynbótamats verða kynntar haustið 2016 með ítarlegri kynningu á fundum hrossaræktarinnar. Sjá nánar verkáætlun. Sú tímasetning ræðst hvort tveggja af umfangi verksins auk þess sem haustið eftir landsmót er sá tími sem best þykir henta til þess að gera breytingar á kynbótamati. Meginhluta tölfræðilegra vinnu og kynbótafræðilegra útreikninga mun Elsa Albertsdóttir sjá um. Þá koma að verkinu Þorvaldur Kristjánsson og Þorvaldur Árnason.

Fagráð samþykkti þessa verkáætlun.

5. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð:

Til úthlutunar úr stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera 13.300.000,- krónur. Sveinn Ragnarsson vék af fundi undir þessum lið og Guðný Helga og Þorvaldur fjölluðu ekki um umsóknir sem höfðu borist frá Bændasamtökum Íslands. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

- a) Erfðarannsókn á drómasýki í íslenska hestinum – Freyja Imsland og Carl-Johan Rubin. Sótt er um kr. 1.500.000,-.
Samþykkt kr. 1.500.000.
- b) Þróun á kynbótamati íslenska hestsins. Bændasamtök Íslands – Elsa Albertsdóttir. Sótt er um kr. 2.000.000,-.
Samþykkt kr. 2.000.000.
- c) Áhrif holdastigs íslenskra hesta á efnaskipti, þrek, jafnvægi í hreyfingum og endurheimt. Háskólinn á Hólum – Víkingur Gunnarsson. Sótt er um kr. 1.500.000,-.
Samþykkt kr. 1.500.000,-.
- d) Þýðing og prentun á Knapamerkjabókum. Háskólinn á Hólum – Hlín M. Jóhannesdóttir. Sótt er um kr. 6.800.000,-.
Samþykkt kr. 6.000.000,-.
- e) WorldFengur – Snjalltækjavæðing á worldfengur.com. Bændasamtök Íslands – Þorberg Þ. Þorbergsson. Sótt er um kr. 2.000.000,-.
Samþykkt kr. 2.000.000,-.
- f) Líffræðileg virkni mismunandi méla og beislisbúnaðar á munn hesta. Sigríður Björnsdóttir. Sótt er um kr. 1.200.000,-.
Hafnað.
- g) Effects of body condition on metabolism, performance and recovery in Icelandic horses. Charlotta Liedberg, Einar Ásgeirsson og Tanja Rún Jóhannsdóttir. Sótt er um kr. 2.000.000,-.
Hafnað.
- h) Könnun á mati á eiginleikanum vilji og geðslag í kynbótadómi í íslenskri hrossarækt. Heiðrún Sigurðardóttir. Sótt er um kr. 700.000,-.
Samþykkt kr. 150.000,-.

6. Tillögur frá aðalfundi Félags hrossabænda.

Aðalfundur Félags hrossabænda var haldinn 6. nóvember. Að venju kom þar margt til umræðu, nokkrar tillögur voru samþykktar sem snerta ræktunarstarfið og hafa þær borist til fagraðs.

- 1) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að vinna að því að einkunnir úr fordómi verði sýnilegar í WF í þeim tilfellum sem hækkanir hafa átt sér stað í yfirlitssýningu.

Fagráð er ekki sammála tillögunni. Þær upplýsingar sem koma fram í WorldFeng þurfa að vera skýrar og það þarf að liggja ljóst fyrir hvernig ræktendur eigi að túlka þær. Afar misjafnar ástæður liggja til grundvallar breytingum á yfirliti og því alls ekki ljóst í hverju tilfelli hvað olli breytingunni. Mun happadrýgra fyrir ræktunarstarfið væri að setja skýrari verklagsreglur fyrir dómara hvernig beri að haga breytingum á yfirliti og hækkun á skeiði til dæmis verði að skoðast í ljósi þess hvernig hesturinn stendur við dóm á tölti, þar sem um mjög skyldar gangtegundir er að ræða. Þetta mun koma í veg fyrir að einhverju leyti óeðlilega söfnun hrossa á einkunnum á yfirliti en tillaga aðalfundarins er sett fram til að varpa ljósi á þess háttar tilvik. Ekki er heldur um tvo dóma að ræða og yfirlitið er hluti af sama dómnum.

- 2) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að vísa því til fagráðs í hrossarækt að gera heildarlýsingu á hinum fulltamma, fagurskapaða og fjölhæfa íslenska gæðingi framtíðarinnar þegar honum er riðið á öllum gangi. Til að auðvelda stefnumótun í ræktun íslenska hestsins og koma henni í framkvæmd.
Fagráð er í raun sammála þessari tillögu og vísar í vinnu sem stendur fyrir dyrum hvað heildarendurskoðun í dómskalanum varðar.
- 3) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóv. 2015 beinir því til fagráðs að kynbótadómar verði útfærðir þannig að hross sýni fet, hægt tölt, fet og fleiri hraðastig á brokki.
Fagráð fagnar tillögunni og er hún gott veganesti inn í þá vinnu sem stendur fyrir dyrum hvað heildarendurskoðun í dómskalanum varðar.
- 4) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að áverkaskoðun sýningarstjóra kynbótasýningar standi og verði ekki áfrýjað.
Fagráð er sammála tillögunni.
- 5) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að öll kynbótahross á Landsmótum hestamanna skuli koma fram til kynningar samhliða verðlaunaafhendingu í sínum flokki.
Fagráð sér ekki út frá þeim drögum sem liggja fyrir að dagskrá mótsins að tími sé fyrir kynningar á öllum kynbótahrossum mótsins. Þetta mun þó verða skoðað.
- 6) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóv. 2015 fagnar þeirri vinnu sem er í gangi varðandi stigunarkvarða kynbótadóma. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að ná betur utan um einkunn fyrir vilja og geðslag, og þá m.a. hugað að því hvort aðskilja skuli einkunn fyrir vilja og geðslag og/eða lækka vægi þessarar einkunnar.
Fagráð mun taka þessa tillögu til greina við vinnu að nýjum dómskala.
7. Önnur mál. Undir þessum lið var rætt og samþykkt að bæta eftirfarandi reglu við dómaleiðarann: *Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann.* Þetta er nauðsynlegt að gera þar sem sú regla er að öll hross sem mæta til dóms þurfa að hafa fyrirbyggjandi DNA-sýni.

Ef örmerki finnst ekki þarf að örmerkja hrossið upp á nýtt og taka nýtt DNA-sýni svo örmerki og DNA-sýni hangi örugglega saman.

Einnig var rætt um hugsanlega uppjárningar hrossa á milli dóms og yfirlit og ákveðið að setja skýra reglu þess eðlis að uppjárningar séu bannaðar: *Járningar, þ.e. breytingar á tálgun hófa eða skeifum, frá fordómi til yfirlitssýningar eru bannaðar, nema með sérstöku leyfi sýningarstjóra í kjölfar óhapps.* Nauðsynlegt er að hafa í huga einhver vikiörk á þessari reglu sem tæki tillit til mæliskekkju og ætlar Þorvaldur að kanna hvernig sé best að því staðið.

Einnig var rætt um frjósemi hrossastofnsins og hvaða skref hægt væri að taka til að tryggja viðhald hennar. Fyrsta skref í þessu máli er endurskoðun á sæðingarreglugerðinni sem stendur yfir en henni er ætlað að verða stefnumótandi um þessi mál að nokkru leyti.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:45

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson